

FUNDARBOÐ

**244. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 26. nóvember 2025,
kl. 13:00 í gegn um Teams**

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Þórey Agnarsdóttir
Steinn Oddgeir Sigurjónsson
Radek B. Dudziak

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð
3. Auto ehf.
4. Skútaberg, Moldhaugnahálsi
5. Umsagnir
6. Útgefin starfsleyfi
7. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
8. Staðfestar skráningar
9. Erindi frá Samherja Ísland ehf vegna fiskþurrkunar á Dalvík
10. Salernisaðstaða við Dettifoss
11. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 243. fundar heilbrigðisnefndar sem fram fór þann 17. september sl. Þá var sem fyrr rætt um aðgerðir til knýja á um bætta umgengni á lóðinni við Hamragerði 15 á Akureyri og á Setbergi á Svalbarðsströnd. Nefndin ítrekaði kröfu sína um tiltekt á athafnasvæði Skútabergs á Moldhaugnahálsi og lýsti jafnframt yfir áhyggjum vegna tafa við gerð geymslusvæðis á svæðinu. Fjárhagsáætlun vegna ársins 2026 var samþykkt sem og tillaga að gjaldskrárbreytingu.

2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð

Nauðungarsala fór fram á eigninni í september sl. vegna ógreiddra dagsekta. Þær dagsektir sem lágu til grundvallar nauðungarsölunni hafa nú verið greiddar, ásamt innheimtukostnaði, alls rúmlega 3 milljónir króna. Á undanförunum vikum hefur umgengni um lóðina lagast mikið og hefur bílum og öðrum lausamunum innan lóðarmarka fækkað verulega.

Að mati Heilbrigðisnefndar hafa þær þvingunaraðgerðir sem gripið var til loks skilað tilætluðum árangri og er umgengni um lóðina nú ásættanleg. Nefndin harmar þann langa tíma sem það tók að koma á nauðsynlegum úrbótum, sem hafði í för með sér verulegan kostnað fyrir lóðarhafa.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að hætta álagningu dagsekta. Jafnframt hvetur nefndin lóðarhafa til að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur varðandi umgengni og ásynd lóðarinnar.

3. Auto ehf.

Enn hefur ekki verið brugðist við kröfu um hreinsun lóðarinnar að Setbergi á Svalbarðsströnd og ógreiddar eru dagsektir sem lagðar hafa verið á frá lokum október 2024. Innheimtuaðgerðir vegna þeirra eru í hefðbundnu ferli.

Dregið hefur úr kvörtunum vegna númerslausra bíla á vegum fyrirtækisins innan Akureyrarbæjar að undanförunu. Nýlega barst þó kvörtun vegna númerslausra bíla í eigu Auto ehf. á landareign í Þingeyjarsveit.

Heilbrigðisnefnd ítrekar kröfu sína um tafarlausa tiltekt á lóð fyrirtækisins að Setbergi á Svalbarðsströnd. Leggja skal áherslu á að hreinsa það svæði sem blasir við frá þjóðvegi og fjarlægja hugsanleg spilliefni af lóðinni. Dagsektir verða lagðar á og innheimtuaðgerðum haldið áfram þar til úr verður bætt. Jafnframt ítrekar nefndin þá kröfu að forsvarsmenn fyrirtækisins tryggi að ökutæki í eigu og umsjón þess séu geymd á til þess ætluðum svæðum.

4. Skútaberg, Moldhaugnahálsi

Framkvæmdaáætlun Skútabergs ehf., dagsett 8. apríl 2025, gerði ráð fyrir að framkvæmdir við gerð geymslusvæðis hæfust um mánaðamótin apríl-maí. Samkvæmt áætluninni átti að flytja vörugáma, vinnubúðaeiningar og flutningabíla með vörukössum inn á geymslusvæðið í september og október.

Að teknu tilliti til framkvæmdaáætlunarinnar samþykkti Heilbrigðisnefnd að veita fyrirtækinu frest til 1. nóvember sl. til að flytja áðurnefnda hluti inn á geymslusvæðið.

Við vettvangsskoðun á svæðinu þann 5. nóvember sl. sáust engin merki þess að unnið hefði verið samkvæmt framkvæmdaáætlun fyrirtækisins. Enn var mikið af vörugámum, vinnubúðaeiningum og flutningabílum með vörukössum á svæðinu. Ekki hafði því verið brugðist við kröfum Heilbrigðisnefndar um tiltekt á svæðinu fyrir 1. nóvember.

Heilbrigðisnefnd átelur fyrirtækið fyrir að fylgja ekki eigin framkvæmdaáætlun og fara ekki að fyrirmælum nefndarinnar um tiltekt á lóðinni. Nefndin ítrekar að umgengni um athafnasvæðið er afleit og ásýnd þess er verulegt lýti fyrir umhverfið og að rækileg tiltekt á svæðinu þolir ekki frekari bið.

Í samræmi við heimild í 60. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir samþykkir Heilbrigðisnefnd að áminna Skútaberg ehf. kt. 510108-0350 vegna brota á 1., 2. og 3. gr. samþykktar nr. 463/2002 um umgengni og þrífnað á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, vegna brots á 2. mgr. 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024 og vegna brots á 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

Jafnframt samþykkir nefndin að veita fyrirtækinu lokafrest til 1. janúar nk. til að flytja vörugáma, vinnubúðaeiningar og flutningabíla með vörukössum inn á varanlegt geymslusvæði.

5. Umsagnir

1. Umsögn um breytt aðalskipulag Norðurbings vegna Stórhóls og Hjarðarhóls á Húsavík
2. Umsögn um breytt deiliskipulag Stórhóls og Hjarðarhóls á Húsavík
3. Umsögn um nýtt aðalskipulag Þingeyjarsveitar
4. Umsögn um skipulagslýsingu vegna skóla- og íþróttamiðstöðvar á Þórshöfn
5. Umsögn um vinnslutillögu vegna nýs deiliskipulag ferðamannasvæðis við Aldeyjarfoss, Ingvarafoss og Hrafnabjargafoss í Skjálfandafljóti,
6. Umsögn um vinnslutillögu að nýju aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2025-2028
7. Umsögn um breytingu á deiliskipulagi fyrir skáldalæk í Dalvíkurbyggð
8. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar vegna stækkunar Hóla- og Túnahverfis
9. Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Birkihóla á Dalvík
10. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar vegna athafnasvæðis við Bakkaflöt
11. Umsögn um tillögu að deiliskipulagi við Bakkaflöt í Eyjafjarðarsveit
12. Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Leifsstaða II í Eyjafjarðarsveit
13. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar vegna Leifsstaða II
14. Umsögn nýtt deiliskipulag Böggvisbrautar á Dalvík
15. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar vegna íbúðarsvæðis vestan Böggvisbrautar á Dalvík

6. Útgefin starfsleyfi

1. Stella Baldvinsdóttir. kt. 130405-2820 – Hafnarstræti 81 (303), 600 Akureyri -sala á gistingu án veitingasölu
2. 600 Norður - klifur ehf. kt. 580923-2400 - Dalsbraut 1, 600 Akureyri – innanhúss klifuraðstaða og kaffitería
3. Ekran ehf. kt. 430999-2579 – Óseyri 3, 603 Akureyri – heildverslun með matvæli
4. Meindýravarnir Norðurlands ehf. kt. 660325-1310 – Karlsrauðatorg 10, 620 Dalvík, meindýravarnir og garðaúðun
5. Heinemann travel retail iceland ehf. kt. 520724-1090 – Akureyrarflugvelli, 600 Akureyri – fríhafnarverslun (nýr rekstraraðili)
6. AK Hestaferðir ehf. kt. 450922-2420 – Gásir, 604 Akureyri – hestaleiga
7. Erlent ehf. kt. 711008-1950 – Hafnarbraut 15, 620 Dalvík – þurrkun og vinnsla á fiskroði
8. Finnur Finnsson kt. 160705-2640 – Hofbót 2 (201), 600 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
9. Samkaup hf. kt. 571298-3769 – Langanesvegi 1, 680 Þórshöfn – matvöruverslun
10. Bjargarnáma ehf. kt. 600625-2170 – Björgum 2, 604 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
11. Bryggjan hotel ehf. kt. 440624-0300 – Strandgata 43, 600 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
12. Aurora Farm ehf. kt. 630925-0290 – Stóru Laugar, 650 Laugar – hótél með veitingasölu
13. Yard ehf. kt. 511113-0830 – Austurhlíð, 605 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
14. Brynjar Árnason kt. 280592-2939 – Klambrasel, 641 Húsavík – sala á gistingu án veitingasölu
15. Nathan og Olsen hf. kt. 480269-5789 – Óseyri 3, 603 Akureyri – heildverslun með matvæli
16. Wok to Walk Iceland ehf. kt. 480523-1130 – Glerártorg (Iðunn mathöll), 600 Akureyri, veitingastaður
17. Hótél Akureyri ehf. kt. 560712-1380 - Hafnarstræti 67, 600 Akureyri – hótél með veitingasölu - **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
18. Hótél Akureyri ehf. kt. 560712-1380 - Hafnarstræti 73, 600 Akureyri – hótél með veitingasölu - **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
19. Marbakki ehf. kt. 670504-2710 Hafnarstræti 108, 600 Akureyri – kaffihús
20. Örsmár ehf. kt. 541125-0430 – Hafnarstræti, 600, Akureyri – pylsuvagn
21. Viðburðarstofa Norðurlands – Hafnarstræti 100 (103), 600 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu -**Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
22. Terra umhverfisþjónusta hf. kt. 410283-0349, Víðimóar 3, 600 Húsavík - móttökustöð fyrir úrgang
23. Fiskbúð Húsavíkur ehf. 460509-0920, Hafnarstétt 21, 640 Húsavík – sala á veitingum – **Afgreiðslu frestað**

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

7. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. Langanesbyggð kt. 420369-1749, Háholt 4, 680 Þórshöfn – móttökustöð fyrir úrgang
2. Íslenska Gámafélagið ehf. kt. 470596-2289, Ægisnesi 3, 603 Akureyri – móttökustöð fyrir úrgang
3. Samherji Ísland ehf. kt. 440400-4340, Austurhlíðarvegi 2, 650 Laugar – Heitloftspurrkun fiskafurða
4. Norðurorka hf. 550978-0169, Glerárdalur, 600 Akureyri – móttaka úrgangs á millilager og til endurnýtingar

Heilbrigðisnefnd samþykkir að starfsleyfin verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berast gefi tilefni til annars.

8. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar fyrir eftirtalda atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Íris Fönn Gunnlaugsdóttir kt. 290175-3569, Barrlundi 4, 600 Akureyri – Hársnyrtistofa
2. Lilja Karen Stefánsdóttir kt. 300193-3829, Öxnhóli, 604 Akureyri – Snyrtivöruframleiðsla
3. Ásgeir Vilhelm Bragason kt. 010960-7119, Laufásgötu 9, 600 Akureyri – Bifreiða- og vélaverkstæði
4. Björgunarsveitin Stefán kt. 550979-0129, vestan við bílastæði Jarðbaðanna við Mývatn - Flugeldasýning 31. desember 2025
5. Björgunarsveitin Stefán kt. 550979-0129, vestan við bílastæði Jarðbaðanna við Mývatn - áramótabrenna 31. desember 2025
6. Árni Sigurlaugsson kt. 220959-3419, Ytri-Villingadalur, 605 Akureyri – niðurrif mannvirkja
7. Björgunarsveitin Stefán kt. 550979-0129, vestan við bílastæði Jarðbaðanna við Mývatn - flugeldasýning 31.12.2025
8. Erlent ehf. kt. 711008-1950 Hafnarbraut 15, 620 Dalvík – fiskvinnsla
9. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Jaðar, moldarlosunarsvæði, 600 Akureyri – áramótabrenna 31.12.2025
10. Norðurþing kt. 640169-5599, við skeiðvöll neðan Skjólbrekku, 640 Húsavík – flugeldasýning 31.12.2025
11. Norðurþing kt. 640169-5599, við skeiðvöll neðan Skjólbrekku, 640 Húsavík – flugeldasýning 6.1.2026
12. Norðurþing kt. 640169-5599, við sorpurðunarsvæði, 671 Kópaskeri – flugeldasýning 31.12.2025
13. Vélsmiðjan Ásverk ehf. kt. 590994-2009, Grímseyjargata 3, 600 Akureyri – bifreiða- og vélaverkstæði
14. Vélsmiðja Steindórs ehf. kt. 690269-3769, Frostagata 6a, 603 Akureyri – vinnsla málma
15. Vélvirki ehf. kt. 620590-1699, Hafnarbraut 7, 620 Dalvík – bifreiða- og vélaverkstæði
16. Súlur Björgunarsveit Akureyri kt. 640999-2689, plan vestan við vinnsluhús ÚA, 600 Akureyri – flugeldasýning 28.12.2025
17. Súlur Björgunarsveit Akureyri kt. 640999-2689, Við malarnámu á austurbakka Glerár suðvestan af Háskólanum á Akureyri og norðan Pálmholts, 600 Akureyri – flugeldasýning 31.12.2025
18. Höldur ehf. kt. 651174-0239, Þórsstígur 4, 600 Akureyri – bifreiða- og vélaverkstæði, bifreiðasprautun

9. Erindi frá Samherja Ísland ehf vegna fiskþurrkunar á Dalvík

Með bréfi dagsettu 3. nóvember sl. óskaði Samherji Ísland ehf. eftir fresti til þess að klára uppsetningu á lyktheyðingarbúnaði.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita fyrirtækinu frest til 23. júlí 2026 til þess að klára uppsetningu á lyktheyðingarbúnaði í hausþurrkun fyrirtækisins á Dalvík.

10. Salernisaðstaða við Dettifoss

Náttúruverndarstofnun hefur sótt um skráningu almenningssalerna við Dettifoss. Tímabundin undanþága ráðherra frá kröfu um handlaugar með vatni er nú útrunnin.

Að mati heilbrigðisnefndar er ekki heimilt að staðfesta skráninguna þar sem aðstaðan uppfyllir ekki skilyrði um handlaugar með vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði, sem gerð er krafa um í reglugerð um hollustuhætti og starfsskilyrði fyrir almenningssalerni.

11. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður þann 17.12. nk

Fundi slitið kl. 13:35

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Radosław Bolesław Dudziak